

Erindi til Alþingis 1931.

—o—

I.

Til þess leyfi eg mér að mælast, að mér verði á fjárlögunum f. 1932, veittar 30,000 — þrjátíu þúsund — kr., til þess að geta, við nokkru betri ástæður, haldið áfram starfi mínu. Liggur mikið við að fé þetta verði veitt, því að erfiðleikar þeir sem eg hefi átt við að stríða, og auðveldari mundu verða viðureignar, við rifari fjárhag, mega ekki aukast að neinu ráði, ef starf mitt á ekki að stöðvast til fulls. Meiri hlutinn af fé þessu, mundi fara til að greiða skuldir, sem illa geta beðið lengur. Hefi eg svo mikið álit á mönnum, sem hér koma við mál, að eg hefi jafnvel gefið von um, að 1932 mundi eg geta greitt sitt hvað af því sem síst má biða.

II.

Aðalverk þau sem eg er að vinna að, eru þessi:

1. **Alheimslíffræði** (Cosmic Biology); ný vísidagrein sem eg hefi sett á stofn.

2. **Saga jarðarinnar og lífsins á henni**: fyrsta tilraun sem gerð er til að skilja sögu lífsins hér á jörðu, sem þátt í sögu lífsins í alheimi.

3. **Framlíffsögur**: af ævi nokkurra manna eftir dauðann.

Ennfremur allmargar smærri ritgerðir, um jarðfræði Íslands, Íslendingasögur og margt fleira. — Eitt af því sem eg tel vist, er það, að um hvað eina sem sagt er eða gert, mun á sínum tíma koma fyllilega í ljós, hvort rétt er eða rangt. Og með slíkan dóm í huga, segi eg það hiklaust, að eg er fyrsti maður hér, á jörðu, sem veit hvernig lífið er eftir dauðann, og að sú þekking byggist á rannsóknunum, sem fróðari framtíð mun telja með því allra fremsta, sem gert hefir verið í vísindum, alt til þessa dags.

III.

Þá mætti minnst á eitt og annað, sem miðað gæti til að gera það auðveldara að líta rétt á þetta mál: það mun óhætt að fullyrða, að enginn vísindamaður á Norðurlöndum hafi, um vora daga, lifað við meiri rangræði en ég. Með alveg óverðskuldaðri bakmælg, tókst að koma því til leiðar, að einmitt um það leyti sem farið var að telja mig með fremstu jarðfræðingum á Norðurlöndum, voru algerlega stöðvaðar fjárveitingar til mín úr hinum stóruauðuga Carlsbergssjóði, en til sönnunar því, sem áður var sagt, má t. d. geta þess, að ég var

fenginum til þess að rita um Island í hið mikla safnrit, Handbuch der regionalen Geologie, en N. V. Ussing, fremsti jarðfræðingur Dana, til að rita um Danmörk, en fremstu jarðfræðingar Svía, Högbom og Nat-horst, til að rita um Svíþjóð.

Þá mætti minna á, að það yrði ekki há árslaun, þó að 30 þúsund krónum væri jafnað niður á jafnmörg ár og þau, sem ég hefði unnið að rannsókn á landinu og þjóðarmentun, án nokkurrar þóknunar eða stuðnings af landsfé:

IV.

Alþingi starfar nú við sérstaklega erfiðar ástæður, vegna þeirrar miklu og óumflýjanlegu óvildar, sem ræður þar manna á milli. Miðar slíkt mjög til illra áhrifa, og mikilsvert allt það, sem nokkuð gæti úr því bætt. En að styðja það verk, sem ég er að vinna að, mundi reynast mjög þýðingarmikið í því efni. Eg hika ekki við að segja, að ef fjárveitingin til mín verður samþykkt í einu hljóði í báðum deildum, þá mun ýmislegt ganga greiðar en nú virðast horfur á að geti orð-

ið, og áður en margir mánuðir væru liðnir, mundi mega benda á talsverðar líkur til þess, að fjárveiting sú hefði verið í heillavænlegasta lagi fyrir þjóð og þing. Aftur á móti hygg ég, að illt mundi af leiða, hin illu áhrif, sem ég mintist á, verða til muna meiri, ef málaleitan þessi fær illar undirtektir, og með því er sýnt, að menn telja litlu skifta eða engu, þó að verk mitt tefjist eða falli niður. En þó að það verk sé ekki nema lítil byrjun, þá er þar sú byrjun, sem ekki verður án verið, ef takast á að koma fram þeirri breytingu, sem svo er nauðsynleg, að ef sú tilraun mistækist, þá mundi það, sem eftir er af sögu mannkynsins, verða mjög miklu verra en það, sem undan er farið, og hefir þó oft virst svo, sem ekki mætti verra vera.

21. febrúar.

Helgi Pjeturss.